

Reykjavík, 25. maí 2023

Efni: Íþróttavika Evrópu 2023

Sent á: Heilsueflandi sveitarfélög

Ágæti viðtakandi,
Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands (ÍSí) hefur líkt og síðastliðin ár hlotið styrk í gegnum Erasmus+ styrkjakerfið vegna Íþróttaviku Evrópu. **Íþróttavika Evrópu (European Week of Sport)** er haldin á hverju ári frá 23. – 30. september í yfir 30 Evrópulöndum.

Markmið Íþróttaviku Evrópu er að kynna íþróttir og almenna hreyfingu um alla Evrópu og sporna þannig við auknu hreyfingarleysi meðal almennings. Íþróttavikan er ætluð öllum óháð aldri, bakgrunni eða líkamlegu ástandi. Áhersla er lögð á að höfða til grasrótarinnar og hvetja almenning til þess að hreyfa sig oft og meira í sínu daglega lífi. Evrópubúar sameinast í vikunni undir slagorðinu **#BeActive**.

Líkt og undanfarin ár mun Fræðslu- og almenningssíþróttasvið ÍSí í samstarfi við ýmsa aðila halda áfram að efla Íþróttaviku Evrópu um allt land. Mikilvægt er að fá sem flest sveitarfélög með okkur í lið við það að hvetja landsmenn til að hreyfa sig og finna sér hreyfingu við hæfi sem er í senn skemmtileg. Okkar ósk er að þitt sveitarfélag sjái hag sinn í því að vera með okkur í ár í því að gera Íþróttaviku Evrópu sem glæsilegasta.

Markmiðið er m.a. að sveitarfélög um allt land bjóði upp á fjölbreytta og skemmtilega dagskrá í Íþróttavikunni. Til dæmis ýmis konar kynningar/kennslu/þjáfun, opnar æfinga, fyrirlestra eða annað. Á heimasíðu verkefnisins; www.beactive.is má skoða hvað hin ýmsu sveitarfélög hafa gert undanfarin ár og fá þar flottar hugmyndir. Einfalt er jafnframt að skoða hvað er nú þegar í boði á þessum tíma í ykkar sveitafélagi og að hvetja íþróttafélögin á ykkar svæði að til að hafa opnar æfingar á þessum tíma ásamt því að hafa mögulega frítt í sund og fleira í vikunni.

Sveitarfélög geta sótt um fjárstyrk til ÍSí vegna úrfærslu á þátttöku í Íþróttavikunni hér á þessari síðu: <https://www.isi.is/default.aspx?PageID=c31549da-bc04-11ed-9bbd-005056bc703c>
Umsóknir þurfa að berast í síðasta lagi 15. júlí.

Í umsókn þarf eftirfarandi að koma fram: drög að dagskrá sveitafélagsins í Íþróttavikunni og hver áætlaður útlagður kostnaður er. Hægt er að sækja um styrk t.d. til að fá kennara/þjálfara til að vera með kennslu/kynningu/þjáfun í sveitarfélaginu, fá fyrirlesara til að koma og ræða um heilsu/íþróttatengd málefni og svo mætti lengi telja. Athugið að hámarks styrkur fyrir hvert sveitarfélag er 500.000 kr.

#BEACTIVE



Ef þitt sveitarfélag hefur áhuga á að vita meira og fá frekari upplýsingar og kynningu um hvernig ÍSí mun aðstoða og fjármagna verkefnið þá er um að gera að setja sig í samband við okkur sem allra allra fyrst.

Við munum á næstuni senda ykkur lista yfir sérsambönd sem tilbúin eru að koma og vera með kynningar og dagskrá, lista yfir ýmsa fyrirlesara, kynningar á ýmis konar annari hreyfinu ofl. ofl. Allt til þess að auðvelda ykkur að setja upp skemmtilega dagskrá.

Fyrir allar frekari upplýsingar og hugmyndir má hafa samband við starfsfólk Fræðslu- og almenningsíþróttasviðs ÍSí.

Hlökkum til að heyra frá ykkur,
Starfsfólks Fræðslu – og almenningsíþróttasviðs ÍSí

Skjal sótt af '00000000000' dags: 25.03 2026